

það, en allur undirbúningur hafinn, en þrátt fyrir þetta ástand veiðarfæranna, og sjerstaklega með tilliti til þess, að enginn fiskur fyrirfanst á þilfarinu, þykir ekki næg sönnun fengin fyrir því, að brot sje hjer framið samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 ¹⁸/₆ 1920, og verður því eins og ástendur að sýkna stefndu fyrir brot á þeirri grein. Hinsvegar, þar sem hjer virðist að ræða um sjerstaklega gróft hirðuleysi að því er veiðarfærin snertir, og með hliðsjón af því, að brot í slíkum tilfellum ekki er útilokað, og deildar geta verið skoðanir um, hvað felst í ákvæðum 1. gr. nefndra laga, fiskiveiðar með botnvörpum „hvort ekki tilraunin ein“, getur heyrt þar undir, án þess fiskur hafi fengist, og þar sem löggjafinn lætur hæstu sekt fyrir brot á 2. gr. nefndra laga, svara til lægsta brots samkvæmt 1. gr., virðist ekki einasta átt við, að hæstu sekt sje beitt, ef um ítrekað brot sje að ræða, þar sem nefnd grein við ítrekun brotsins ákveður um, að afli og veiðarfæri skuli þá einnig upptæk, heldur og einnig, ef ekki full sönnun sje færð fyrir broti á 1. gr. en hinsvegar allmiklar líkur, þykir því rjett, þrátt fyrir þótt hjer sje að ræða um brot framkvæmt í fyrsta sinn, að ákveða sektina fyrir brot á 2. gr. nefndra laga frá 1920 í þessu tilfelli 10,000,00 — tíu þúsund — krónur, en afli og veiðarfæri skulu ekki gjörð upptæk. Þá ber og að íðæma stefndan í kostnað af málssókn þessari 182,00 krónur.

Mánudaginn 23. júní 1924.

Nr. 16/1824. **Kristján Kristjánsson** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Hannesi B. Stephensen f. h. eigenda m/b. Víkings

og

sýslumanni Einari M. Jónassyni
 (Lárus Fjeldsted).

Útaf vangoldnu hásetakaupi áfrýjanda. Ómerkingardómur.

Dómur sjóðóms Barðastrandarsýslu 1. nóv. 1923: Máli þessu vílast frá sjórjettinum. Málekostnaður greiðst af aðiljum að hálfu samkvæmt reikning.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu að því er málskostnaðinn snertir, undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi fyrir sjódómi Barðastrandarsýslu útaf vangöldnu kaupi sem lögskráður háseti á vjelbátnum Viking, er stefndi gerði út í fjelagi við meðeigendur sína árið 1922 á fisk- og sildveiðar, og lauk málinu svo, að sjódómurinn, með dómi uppkveðnum, 1. nóvbr. f. á., vísaði því frá rjettinum með þeirri rökfærslu, að því er virðist, að svo yrði að líta á, sem áfrýjandi hefði afsalað sjer sjódómsmeðferð á málinu með því að hreyfa eigi andmælum viðvikjandi kaupgreiðslunni, er hann var skráður úr skiprúmi.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 7. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim aftur til dómsálagningar að efni og aðalstefndi og hjeraðsdómarinn, sýslumaður Einar M. Jónasson, dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti. Svo hefir hann og krafist þess að hinn stefndi undirdómari verði dæmdur í sekt fyrir meðferð málsins í hjeraði.

Frávísunarástæða sjódómsins hefir eigi við nein rök að styðjast, en auk þess bera dómsgjörðirnar það með sjer, að allri meðferð málsins eftir hið fyrsta rjetthald í því 10. júlí f. á. hefir verið mjög ábótavant; þannig hefir í rjetthaldi í málinu 12. júlí verið blandað inn í þetta mál óviðkomandi máli gegn þriðja manni án þess að hjeraðsdómarinn hafi, svo sjæð verði, bent aðiljum á að það væri ólöglegt. Í rjetthaldi 26. sept. var málið lagt í dóm, en eftir það hafa 2 málsskjöl verið færð inn

í dómsgjörðirnar án þess að málið væri tekið upp af nýju eða skjölin lögð fram í rjettarhaldi í málinu; að vísu hafa málsaðilar samþykkt þessa meðferð, en slíkt samþykki gat ekki gjört þessa aðferð lögmæta. Loks hefir undirdómarinn kveðið hinn áfrýjaða dóm upp í sjórjetti Barðastrandarsýslu án þess að hinir útnefndu sjódómsmenn væru til staðar í rjettinum, og í niðurlagi dómsins er ákveðið að málskostnaður skuli greiðast af aðiljum að hálfu samkvæmt reikningi, en enginn slíkur reikningur hefir verið lagður fram í málinu, og dómurinn að þessu leyti óákveðinn.

Af framantöldum ástæðum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá því málið var lagt til sátta í hinu 1. rjettarhaldi 10. júlí frá f. á. og leggja fyrir sjódóminn að taka málið fyrir að nýju í því ástandi, er það þá var.

Það verður að dæma aðalstefnanda og hjeraðsdómarann til þess in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr.

Svo verður og að láta hjeraðsdómarann sæta sekt fyrir hina ólögmætu og hirðulausu meðferð málsins, og ákveðst sektin 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði sjórjettardómur og undanfarandi meðferð málsins á að vera ómerk, og heimvísast málinu til nýrrar og löglegrí meðferðar, frá því sátt var reynd í því í rjettarhaldi 10. júlí f. á., og dómsálagningar.

Stefndi, Hannes B. Stephensen f. h. eigenda m/b. Víkings, og undirdómarinn, sýslumaður

Einar M. Jónasson, greiði, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristjáni Kristjánssyni 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Hjераðsdómarinn, Einar M. Jónasson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir sjómaður Kristján Kristjánsson á Bíldudal höfðað gegn Hannesi B. Stephensen og fjel. á Bíldudal, er höfðu til útgerðar mótorskipið Víking árið 1922, en á nefnt skip var stefnandi lögskráður vjelamaður á útgerðartímabilinu, og telur sjer vangreiddar kaupgjaldseftirstöðvar krónur 1371,00 síðar niðurfært í kr. 1070,40, svo og málskostnaður eftir mati. Stefnur hefir krafist sýknunar og sjer tildæmdan málskostnað. Stefnandi, sem var lögskráður starfsmaður á skipinu, hefir árið 1922 verið afskráður af því, án þess hann hjer fyrir rjettinum hafi fært sönnur á eða líkur fyrir því, að afskráning úr skiprúminu hafi farið fram án hans vitundar og vilja, en þó svo hefði verið var honum innan handar að hreyfa andmælum gegn því, og þar sem afskráningin hefir farið fram, án þess upplýst sje hjer fyrir rjettinum, að andmælum hafi verið hreyft, og kaupgjaldið er meðal annars eitt af þeim atriðum, er hásetinn hefir heimting á, að fá ráðið til lykta, áður en hann er afskráður, verður að fallast á, að stefnandi með þessari aðferð sinni, hafi afsalað sjer hinum sjórjettarlegu ákvæðum hjer að lútandi, og beri því ex officio að vísa þessu máli frá sjórjettinum. Málskostnaður þykir rjett að skiftist milli aðilja að hálfu.